# Sundkennsla í 9. og 10. bekk

Skólaárið 2018-2019 fengu íþróttakennarar og stjórnendur skólans greinargerð frá nemendum unglingastigs þar sem þeir óska eftir því að nemendur fái færi á að ljúka sundstigi fyrr en að vori í 10.bekk. Til þess að verða við þessari ósk nemenda stendur nú nemendum í 9. og 10.bekk til boða að ljúka vetrinum með annarri tegund hreyfingar í stað sunds að því gefni að þeir hafi mætt a.m.k. í 15 kennslustundir í stundi og staðist viðkomandi sundstig. Að sjálfsögðu geta nemendur einnig mætt í sund út veturinn kjósi þeir það, líkt og undanfarin ár. Dæmi um hreyfingu sem gæti verið boðið upp á eru gönguferðir á fjöll og um flatlendi, dans, íþróttamót, tækjasalur, skíði, skautar.